

BMF-2017-20 Hljóð og svið í frystihúsið

Markmiðið umsóknarinnar er að útbúa fyrsta flokks ráðstefnu- og viðburðaaðstöðu í frystihússal. Fram kemur í umsókninni að gott hljóðkerfi sé afar mikilvægt til að salurinn nýtist sem best fyrir ráðstefnuhald. Sömuleiðis nýtist hljóðkerfið ásamt nýju sviði við að salurinn nýtist jafnframt vel fyrir leiksýningar, tónleika og aðra viðburði. Hér er um að ræða stærsta samkomusal á Suðurfjörðum Austfjarða og skapar fjölbreytt tækifæri fyrir svæðið. Umsóknin fellur vel að markmiðum íbúðingis og íbúafunda um fjölbreytta uppbyggingu fyrsta flokks ferðaþjónustu og almenns samkomuhalds.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr. í seinni úthlutun ársins 2017.